

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti 6. júlí 2022 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Fristundabyggð 8. áfanga Vatnsendahliðar í landi Vatnsenda, lóð Vatnsendahliðar 188.*

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits til norðurs í átt að Skorradalsvegi (508), þannig að fjarlægð milli byggingarreits og vegar er 90 m. Innviðaráðherra veitti undanþágu frá ákvæði d-liðar greinar 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er varðar fjarlægð byggingarreits frá Skorradalsvegi (508).

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti 22. september 2022 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Fristundabyggð í Hálsaskógi, IV. áfanga í landi Hálsa, lóð Refsholts 36.*

Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit, þannig að hann verði 10 m frá lóðamörkum, fjölgun húsa innan reitsins úr 2 í 3 og að viðbótarhús verði geymsla, gestahús og/eða geymsla sem má vera að hámarki 35 m<sup>2</sup> í stað 15 m<sup>2</sup>, byggingarmagn lóðar verði 204,3 m<sup>2</sup> í stað 165 m<sup>2</sup> og mænishæð verði 530 cm í stað 480 cm.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 10. nóvember 2022,*

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 24. nóvember 2022